

UEFA

Dreifibréf 39/2018

Knattspyrnulögin 2018-19: Áhrif lagabreytinga á UEFA mót

Í tengslum við þær breytingar sem gerðar voru á 2018-19 útgáfu knattspyrnulaganna fara hér á eftir nokkrar frekari skýringar á þeim áhrifum sem þær hafa á mótareglur UEFA á eftirfarandi sviðum:

1. Fjöldi skiptinga.
2. Viðbótarskiptingar í leikjum sem eru framlengdir.
3. Hámarksfjöldi varamanna sem heimilt er að skrá á leikskýrslu.
4. Fjöldi og staðsetningu viðbótarsæta fyrir "tækniliðið".
5. Notkun rafræns samskiptabúnaðar á boðvangi.

Hér á eftir verða tilgreind þau mót og þær umferðir sem breytingarnar hafa áhrif á. Vinsamlegast farið vel yfir þessar breytingar og áframsendið þetta bréf og þau viðhengi sem því fylgir til viðeigandi starfsfólks knattspyrnusambandsins og þátttökufélaga þar sem ábyrgðin á réttri framkvæmd reglnanna liggur hjá viðkomandi liðum.

Yfirlitstöflu um þær reglur sem gilda í hinum ýmsu mótum er að finna í *Viðauka 1*.

1. Fjöldi skiptinga

3. grein knattspyrnulaganna hefur verið breytt þannig:

"Að hámarki fimm skiptingar eru heimilar í leikjum sem leiknir eru í opinberum mótum skv. ákvörðun FIFA, álfusambandsins eða aðildarsambandsins, nema í mótum karla og kvenna þar sem í hlut eiga meistaraflokkar féлага í efstu deild eða A-landslið, en þar eru að hámarki leyfðar þrjár skiptingar."

Í eftirfarandi mótum eingöngu tekur gildi heimild til fimm skiptinga að hámarki í eðlilegum leiktíma, þó í að mesta lagi þremur stöðvunum leiksins:

- UEFA Youth League 2018/19
- UEFA European Under-17 Championship 2018/19
- UEFA European Under-19 Championship 2018/19
- UEFA Women's Under-17 Championship 2018/19
- UEFA Women's Under-17 Championship 2018/19

Framkvæmdin verður með eftirfarandi hætti:

- að hámarki fimm skiptingar eru heimilar hvoru liði;
- hvort lið má að hámarki nota þrjár stöðvanir leiksins til skiptinganna;
- sé leikurinn framlengdur má hvort lið nota að hámarki fjórar stöðvanir leiksins, að því tilskyldu að a.m.k. ein þeirra eigi sér stað í framlengingunni;
- skiptingar sem gerðar eru í hálfleik, í hléinu fyrir upphaf framlengingar og í hálfleik framlengingar fækka ekki heimiluðum hámarksfjölda leikstöðvana;
- leikmaður sem skipt hefur verið af leikvelli má ekki taka neinn frekari þátt í leiknum.

2. Viðbótarskiptingar í framlengdum leikjum

Eftirfarandi hefur verið bætt við texta 3. greinar laganna:

"Mótareglur skulu kveða á um:

- (.....)

- *hvort nota megi einn varamann til viðbótar þegar leikur er framlengdur (hvort sem liðið hefur þá þegar notað heimilaðan fjölda skiptinga eða ekki)."*

Viðbótarskipting í framlengingu verður heimil í eftirfarandi UEFA-mótum (þar sem áfram eru eingöngu heimilaðar að hámarki þrjár skiptingar í venjulegum leiktíma):

- UEFA Champions League 2018/19
- UEFA Europa League 2018/19
- UEFA Super Cup 2018
- UEFA Women's Champions League 2018/19
- UEFA European Football Championship 2018-20
- UEFA European Women's Championship 2019-21
- UEFA Regions' Cup 2018/19

Viðbótarskipting í framlengingu verður einnig heimil í eftirfarandi mótum, en mótareglum þeirra var breytt með samþykkt þess efnis á fundi framkvæmdastjórnar UEFA í Kyiv 24. maí 2018:

*"Eingöngu þrír af þeim varamönnum sem tilgreindir eru á leikskýrslu mega taka þátt í leiknum. Leikmaður sem skipt hefur verið af leikvelli má ekki taka neinn frekari þátt í leiknum. **Undantekning frá þessu er þó að fjórða skiptingin er heimiluð í framlengingum í leikjum úrsláttarumferðanna.**"*

- UEFA Nations League 2018/19 - Úrslit (5., 6. og 9. júní 2019) - málsgrein 38.04
- UEFA European Qualifying Competition for the 2019 FIFA Women's World Cup - fyrsta og önnur umferð úrsláttarumferðanna (1.-9. október og 5-13. nóvember 2018) - málsgrein 36.04
- UEFA European Under-21 Championship 2017-19 - úrsláttarkeppni (12.-20. nóvember 2018) og undanúrslit, úrslit og Olympíu-úrsláttarkeppni sem fram fer í lokakeppninni á Ítalíu (16.-30. júní 2019) - málsgrein 39.04
- UEFA European Women's Under-19 Championship 2017/18 - undanúrslit og úrslit sem fram fer í lokakeppninni í Sviss (18.-30. júlí 2018) - málsgrein 36.04
- UEFA European Under-19 Championship 2017/18 - undanúrslit, úrslit og FIFA U-20 HM úrsláttarkeppni sem fram fer í lokakeppninni í Finnlandi (16.-29. júlí 2018) - málsgrein 35.04

Til frekari skýringa skal tekið skýrt fram að hafi færri en þrjár skiptingar verið gerðar í venjulegum leiktíma þá má hvort lið um sig engu að síður nota að hámarki fjórar skiptingar í framlengdum leikjum.

Viðauki 2 sýnir með skýrum dæmum þann fjölda varamanna sem nota má í sérhverju UEFA-móti.

3. Hámarksfjöldi varamanna sem tilgreina má á leikskýrslu

Hámarksfjöldi varamanna sem heimilaður er í UEFA-mótum er þessi:

Tilgreina má að hámarki **tólf varamenn** á leikskýrslu í eftirfarandi mótum:

- UEFA Super Cup 2018
- UEFA European Under-21 2017-19 (Lokakeppni)
- UEFA Nations League 2018/19 (allir leikir)
- UEFA European Football Championship 2018-20 (allir leikir)
- UEFA European Women's Championship 2019-21 (Lokakeppni)

Tilgreina má að hámarki **nú varamenn** á leikskýrslu í eftirfarandi mótum:

- UEFA Region's Cup 2018/19 (Lokakeppni)
- UEFA European Under-19 2018/19 (allir leikir)
- UEFA European Under-17 2018/19 (allir leikir)
- UEFA European Women's Under-19 2018/19 (allir leikir)
- UEFA European Women's Under-17 2018/19 (allir leikir)

Áfram má að hámarki tilgreina **sjö varamenn** á leikskýrslu í eftirfarandi mótum:

- UEFA Women's Champions League 2018/19
- UEFA Youth League 2018/19
- 2017-19 European Qualifiers for the 2019 FIFA Women's World Cup
- UEFA European Women's Championship 2019-21 - undankeppni og úrsláttarkeppni
- UEFA European Under-21 2017-19 - undankeppni og úrsláttarkeppni
- UEFA Champions League 2018/19 - allar umferðir nema úrslitaleikurinn þar sem 12 eru heimilaðir
- UEFA Europa League 2018/19 - allar umferðir nema úrslitaleikurinn þar sem 12 eru heimilaðir
- UEFA Region's Cup 2018/19 - undankeppni

Varðandi fjölda forráðamanna sem mega vera í boðvangi vísast til *Viðauka 1*.

4. Fjöld og staðsetning viðbótarsæta fyrir "tækniliðið"

Í UEFA Champions League, UEFA Europa League og UEFA Super Cup hefur fjöldi viðbótarsæta fyrir "tækniliðið" verið aukinn úr fimm í **átta, ef pláss leyfir**. Þessum sætum skal áfram komið fyrir utan boðvanganna, a.m.k. fimm metra aftan við eða til hliðar við varamannabekkina, en þó með auðveldri aðkomu að búningsherbergjunum. Félög geta einnig komið sér saman um fleiri sæti fyrir "tækniliðið" í stúkunni, en að lágmarki ber heimaliðinu skylda til þess að útvega útiliðinu fimm slík sæti í stúkunni.

Í öllum öðrum mótum takmarkast fjöldi viðbótarsæta fyrir "tækniliðið" áfram við fimm.

Í UEFA Nations League 2018/19 og UEFA Championship 2018-20 er heimilt að tengja þessi fimm viðbótarsæti fyrir "tækniliðið" við sjálfan varamannabekkinn, ef pláss leyfir. Þetta hefði í för með sér að samtals 23 aðilum verði heimilt að sitja á varamannabekknunum. Félögin komi sér síðan saman um frekari sæti fyrir "tækniliðið" í stúkunni.

5. Notkun rafræns samskiptabúnaðar á boðvangi

4. grein knattspyrnulaganna hefur verið breytt þannig:

"(...) Notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði er óheimil, nema þar sem málið snýst um velferð eða öryggi leikmanna, eða af taktískum/þjálfunar ástæðum, en þá einungis með litlum lófátölvum eða öðrum þráðlausum búnaði (t.d. míkrofón, heyrnartólum, tæki í eyra, "smart"síma, "smart"úri, spjaldtölvu eða fartölvu). Forráðamanni liðs sem notar óheimilan búnað eða hegðar sér á óviðeigandi hátt í tengslum við notkun rafræns samskiptabúnaðar verður vísað burtu úr boðvanginum."

Þetta ákvæði kemur strax til framkvæmda í öllum mótum UEFA. Því þarf að uppfæra eldri reglugerðir til samræmis við allar mótareglur UEFA sem samþykktar hafa verið á þessu ári þar sem segir að: *"Notkun hvers konar rafræns samskiptabúnaðar og/eða -kerfa er skilgreind af IFAB í sjálfum knattspyrnulögunum ásamt skýrum fyrirmælum um framkvæmdina"*.

Þessar eldri reglugerðir eru:

- UEFA European Women's Under-19 Championship 2017/18 - málsgrein 38.05
- UEFA European Under-19 Championship 2017/18 - málsgrein 37.05
- UEFA European Under-21 Championship 2017-19 - málsgrein 41.05
- UEFA Nations League 2018/19 - málsgrein 40.06
- 2017-19 European Qualifiers for the 2019 FIFA Women's World Cup - málsgrein 38.05

Vinsamlegast veitið því athygli að ef notað er kerfi/sjónvarp til þess að nálgast myndefni í læknisfræðilegum tilgangi þá þarf að tryggja læknaliði útiliðsins sambærilegan aðgang (þó hugsanlega háð kostnaði við þessa tæknimiðlun).

Öll lið eru minnt á að misnota ekki þessa nýju heimild laganna til notkunar á rafrænum tæknibúnaði, en UEFA fer jafnframt sérstaklega fram á við að forráðamenn liðanna að þeir sýni dómarateyminu fulla virðingu.

Ef einhverjar spurningar vakna í sambandi við ofanritað þá beinið þeim vinsamlegast til UEFA's Football Operations Unit (kim.godat@uefa.ch).

Viðaukar

Viðauki 1 - Yfirlitstafla sem sýnir hinar ýmsu reglugerðarbreytingar (eingöngu á ensku)

Viðauki 2 - Yfirlitstafla yfir nýjar reglugerðir varðandi fjölda skiptinga (eingöngu á ensku)